

Umræðufundur með ungu fólki haldinn þann 23.10.2023 á TEAMS, kl. 20.00

Verkefnisstjóri DalaAuðs og fulltrúar íbúa verkefnisins efndu til umræðufundar í Dalabyggð með fólki á aldrinum 18-35 ára. Markmiðið var að fá skilning á því hvernig við tryggjum byggðafestu ungs fólks í byggðalaginu.

Fyrst var spurt út í fagleg markmið – hvaða tækifæri eru til staðar til að ná faglegum mörkum í námi eða atvinnu?

Það kom fram að tækifæri til náms væru til staðar, það væru möguleikar til að sækja sér nám ef fólk vildi taka sér eitthvað nýtt fyrir hendur. Það gæti hins vegar verið erfiðara fyrir fólk sem væri búíð að sækja sér sérmenntun að fá starf við hæfi í Dalabyggð, ekki væri mikið um sérhæfð störf í Dalabyggð. Þá væri ekki auðvelt að skipta um vinnu, fyrir þá sem ekki höfðu háskólamenntun t.d., því ekki væri mikil breidd í störfum og fólk með t.d. stúdentspróf hefði ekki marga möguleika til að vaxa faglega. Einng var rætt að ungt fólk vill vinna við það sem það hefur áhuga á og er stundum jafnvel vandlátara á það hvaða störf þau eru til í, voru umönnunarstörf nefnd í því samhengi.

Þá var bent á að fjármagn vantar á svæðið til að byggja upp fjölbreyttari tækifæri og það vantar húsnæði bæði fyrir atvinnutækifæri og fyrir fólk að búa í.

Félagsstarf og félagsleg þátttaka

Viðhorfið gangvart félagslífi var almennt mjög jákvæð. Skipulagt félagsstarf er nægilegt fyrir þau sem eru viljug að leita eftir því, fullnægir félagsþörf. Rætt var um kvaðir vegna félagsstarfa og hvort þau upplifðu að það skipulagða félagsstarf sem væri á svæðinu hentaði þeim. Sumum fannst fólk hlaðið skyldum og að þau þyrftu stundum að taka að sér verk sem þau hefðu ekki mikinn áhuga á, en öðrum fannst það ekki. Þau sögðu öll að ef þau vantaði eitthvað að gera finndu þau sér eitthvað að gera, þá með vinunum. Það var bent á að það verða enn meiri möguleikar með nýju íþróttahúsi

Valdefling

Þeir sem voru á fundinum voru sammála um að ungt fólk hafi að fólk hefur tækifæri til að hafa áhrif og skipta máli. Bentu m.a. á að tvö þeirra væru í sveitarstjórn. Þau voru sammála um að það væri valdefling meðal ungs fólks í Dölunum, stundum jafnvel smá pressa að taka þátt. Ein hafði á orði að hún hefði alltaf upplifað að hún hefði rödd innan samfélagsins og gæti gert það sem hún vildi.

Að setjast að - múrar

Það vantar leiguhúsnæði í hæfilegri stærð. Ungt fólk er ekki allt að fara að byggja sér eða kaupa. Það er fólk sem vill koma undir sig fótunum og búa í Dalabyggð en vantar húsnæði. Þá barst talið aftur að vinnu og að það vantar fjölbreyttari atvinnutækifæri því það eru ekki allir sem vilja vera í sjálfstæðum rekstri eða nýsköpun, margir vilja vera launafólk.

Framtíðarsýn

Ekki allir tjáðu sig um framtíðarsýnina þegar þau voru beðin um að ímynda sér Dalabyggð eftir 10-15 ár. Einn nefndi að hann myndi vilja sjá að fólk geti sótt sér alla þjónustu í heimabyggð, hvort sem það væri heilsutengd, verslanir til að kaupa verkfæri og tæki eða hvað annað.

Aðrir sýndu merki um áhyggjur af framtíðinni – það væri sýnilegt að opinber þjónusta fari undan í flæmingi og að það yrði samdráttur á allri opinberri þjónustu áfram þar til lítið eða ekkert yrði eftir - Rarik, heilsugæsla o.fl. myndi þá fara. Snúa þyrfti við þessari þróun.

Þá var rætt um þróun í landbúnaði og erfiðleikana sem fylgja nýliðun. Fjárfesting til sveita er svo rosa dýr að það er ekki hægt að byrja búskap. Rætt var um þróunina þar sem búin muni stækka of mikið og verði mannfærri og þannig verði færri fólk í dreifbýlinu. Einnig var bent á það væru ýmis tækifæri í landbúnaði.

Hópurinn var hvattur til að ræða við fólkið sem kemur ekki heim og fá þannig innsýn inn í brottflutninginn. Verkefnastjóri benti á að fólkið sem væri á svæðinu væri í raun það fólk sem væri mikilvægast, það skipti líka máli að samfélagið væri þeirra og að áhersla væri á að halda þeim, þó að við væru öll sammála um að það væri gott að fá nýtt fólk eða brottflutta í samfélagið.

Fundi slitið kl. 21.20